

# Ársskýrsla 2018



Ársfundur 13. júní 2019



## Efnisyfirlit

1.	Um Starfsmennt .....	2
	Stjórn og starfsmenn .....	2
2.	Starfsárið 2018 – samantekt.....	4
3.	Námsframboð og skráningar .....	5
	Hlutfallsleg skipting skráninga eftir stéttarfélagsaðild.....	6
4.	Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar .....	7
	Samstarf við stofnanir um nám .....	10
5.	Ráðgjöf á sviði fræðslu og mannauðsefningar .....	12
6.	Þróunarverkefni og ýmis konar samstarf .....	14
	Fram fyrir skjöldu – þróun náms og námstækifæra fyrir opinbera starfsmenn.....	15
	Þróunarverkefni um rafrænt nám fangavarða .....	15
	Erlent samstarf .....	16
	Ýmis konar samstarf og símenntun starfsmanna.....	16
7.	Fjármögnun og rekstur .....	18
	Viðauki – Námsframboð og skráningar árið 2018 .....	20

## 1. Um Starfsmennt

Fræðslusetrið Starfsmennt var stofnað árið 2001 og er samstarfsvettvangur fjármála- og efnahagsráðuneytis og flestra aðildarfélaganna BSRB um starfstengt nám, starfsþróun og ráðgjöf. Hlutverk setursins er að styðja færniþróun opinberra starfsmanna svo þeir séu betur í stakk búnir til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni og jafnframt að auka möguleika stofnana á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma.

Starfsmennt miðar að því að vera leiðandi starfsmenntar- og ráðgjafamiðstöð og eftirsóknarverður samstarfsaðili í viðleitni opinberra stofnana til að efla fagmennsku og færni í starfi og í að skapa uppbyggilegt og hvetjandi vinnuumhverfi. Starfsmennt er hugmyndabanki, umsjónaraðili og framkvæmdaðili að verkefnum sem lúta að starfsþróun ríkisstarfsmanna, metur þörf fyrir fræðslu hjá einstökum stofnunum eða stofnanahópum og hefur frumkvæði að því að búa til námskeið sem svara þeirri þörf. Hlutverk Starfsmenntar eru að:

- bjóða opinberum starfsmönnum víðtæka möguleika til menntunar og þroska.
- aðstoða stjórnendur við mótun vinnustaðamenningar og starfsumhverfis sem miðar að því að auka ánægju og hvatningu í starfi.

Nám og ráðgjöf Starfsmenntar eru stofnunum og starfsmönnum ríkisins að kostnaðarlausu ef um er að ræða þjónustu við starfsmenn sem eru félagsmenn í aðildarfélögum fræðslusetursins. Gerðir hafa verið samstarfssamningar við ýmsa mannauðssjóði bæjarstarfsmannafélaga, sjóði háskólamanna, annarra stéttarfélaganna og Fræðslusjóð til að fleiri hópar geti nýtt námskeiðin og að ráðgjöf til stofnana nái til sem flestra starfsmanna þeirra.

### Stjórn og starfsmenn

Stjórn Starfsmenntar er skipuð eigendum setursins til jafns, tveimur fulltrúum frá stéttarfélögum og tveimur fulltrúum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Ásgeir Kristinsson óskaði í byrjun árs eftir lausn frá setu í stjórn og sat Einar Mar Þórðarson sem varamaður fundi stjórnar árið 2018.

Aðalmenn:

- Árni Stefán Jónsson formaður (SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu<sup>1</sup>)
- Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR – stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu)

Varamenn:

- Jóhanna Þórdórsdóttir (SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu)
- Einar Mar Þórðarson (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Þórveig Þormóðsdóttir (Félag starfsmanna stjórnarráðsins)

Stjórn hélt níu fundi á árinu, þar af tvo með varamönnum og gestum. Ársfundur var haldinn 14. júní og var gestur fundarins Árný Elíasdóttir frá Attentus – mannauði og ráðgjöf ehf. sem fjallaði um rafrænt námsumsjónarkerfi til að halda utan um fræðslu og þjálfun fyrir starfsmenn og starfsmannahópa. Jólafundur var haldinn 14. desember og var gestur þess fundar Einar Birkir Einarsson frá Verkefnastofu um starfrænt Ísland sem fjallaði um aukna stafræna þjónustu hins opinbera og tók þátt í umræðum um hvað slík þróun þýði fyrir þjálfun opinberra starfsmanna.

Skoðunarmenn ársreikninga og löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young.

<sup>1</sup> Í ársbyrjun 2019 voru SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar sameinuð undir nafninu Sameyki, stéttarfélag í almannaðjónustu. Hér verður þó fjallað um félögin sem aðskilin þar sem skýrslan varðar starfsemi áður en sameining varð.

Nokkrar breytingar urðu í starfsmannahópi Starfsmenntar á árinu. Í lok mars hóf Helga Rún Runólfsdóttir töku fæðingarorlofs og Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir lét af störfum í lok maí að eigin ósk. Um mitt sumar hófu störf Steingerður Kristjánsdóttir og Júlía Hrönn Guðmundsdóttir og var sú síðarnefnda ráðin tímabundið til eins árs í fjarveru Helgu Rúnar. Aðrir starfsmenn voru Björg Valsdóttir, skrifstofustjóri, Guðfinna Harðardóttir, framkvæmdastjóri, Soffía Guðný Santacroce og Sólborg Alda Pétursdóttir, verkefnastjórar og Guðrún H. Sederholm sinnti sem fyrr náms- og starfsráðgjöf í verktöku. Starfsmannafundir voru haldnir nokkuð reglubundið yfir vetrartímam og urðu þeir alls 30 árið 2018.

## 2. Starfsárið 2018 – samantekt

Árið 2018 var framboð starfstengds náms á vegum Starfsmenntar fjölbreytt sem fyrr og snerti á margvíslegum málefnum. Starfsmennt kaupir sæti á námskeiðum ýmissa fræðsluaðila fyrir aðildarfélagana sína og var þetta samstarf aukið enn frekar árið 2018 með því að fjölga fræðsluaðilum á höfuðborgarsvæðinu en einnig með samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskóla Norðurlands vestra og SÍMEY á Akureyri. Árið 2018 voru skráningar í nám á vegum Starfsmenntar 3.554 á móti 3.237 árið 2017 og námstilboðin töldu 299 þetta ár á móti 240 árið 2017.

Fagháskólanám í opinberri stjórnarsýslu við Háskólann á Bifröst var í fyrsta sinn í boði haustið 2018 en þó einungis fyrir afmarkaðan hóp félagsmanna SFR, sem höfðu sótt sérstaklega um að taka þátt í tilraunaverkefninu. Í verkefninu felst stuðningur við þátttakendur til að ljúka tveggja ára diplómanámi á grunnstigi háskóla, námið er tekið með vinnu. Við árslok 2018 voru 27 einstaklingar enn í námi á vegum Starfsmenntar við Bifröst.

Starfsmennt setti á laggirnar raunfærnimatsverkefni í samvinnu við Keili – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs og með styrk úr Fræðslusjóði framhaldsfræðslunnar. Markmið verkefnisins var að bjóða upp á raunfærnimat á móti kröfum námskrár háskólabrúar Keilis til styttingar náms af háskólabrú. Mat fór fram bæði að vori og hausti og tóku alls 11 einstaklingar þátt. Í heildina fóru fram 26 matssamtöl og stóðust þátttakendur alls 150 feiningar (framhaldsskólaeiningar). Flestar metnar feiningar á einstakling voru 24 en að meðaltali fékk hver þátttakandi 14 feiningar metnar sem nýta má til styttingar á háskólabrú. Nær allir þátttakendur hófu nám við Keili í kjölfar raunfærnimats.

Bæði þessi verkefni, þ.e. fagháskólanám og raunfærnimat, eru hluti af þróunarverkefni sem unnið er á grundvelli fylgiskjals II með kjarasamningi FJR og SFR og hlaut á vinnslustigi nafnið *Fram fyrir skjöldu*.

Haustið 2018 var hrint úr vör námi skv. námskrá Fangavarðaskólans fyrir tiltekinn hóp starfsmanna Fangelsis-málastofnunar. Samþykkt var að kaupa aðgang að rafrænu námsumhverfi og var fyrsta námskeiðið fyrir fangaverði sett þar upp í nóvember 2018. Tuttugu starfsmenn voru skráðir í námið og námslok áætluð vorið 2019. Almenn ánægja hefur verið um framkvæmdina og er þessi samvinna afar mikilvæg fyrir Starfsmennt til að læra á tækifæri og annmarka rafræns námsumhverfis.

Starfsmennt hélt áfram samstarfi í Erasmusplus verkefninu You Dig IT þar sem skoðuð eru rafræn verkfæri (smáforrit) sem nýst geta í námi og kennslu. Þá var Starfsmennt með í Erasmusplus umsókn um KA2 samstarfsverkefnið Transforming VET 4.0, sem lýtur að þeim áskorunum sem starfsmenntun og kennarar innan starfsmenntunar standa frammi fyrir í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna. Verkefnið hlaut samþykki þýsku landsskrifstofu Erasmusplus og fær því styrk úr Menntaáætlun ESB. Samstarfsaðilar eru frá Þýskalandi, Finnlandi og Hollandi.

Á þingi BSRB í október var Starfsmennt með kynningarbás og eins hélt framkvæmdastjóri erindi á fundi málefnaþóps um vinnumarkað framtíðarinnar um áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar og ábyrgð einstaklings á eigin símenntun. Að mörgu er að hyggja í tengslum við breytingar á vinnumarkaði og tækniframfarir og mun mikilvægi sí- og endurmenntun vaxa enn frekar svo starfsmenn og stofnanir nái að viðhalda starfshæfni sinni og vera í takt við tímann.

**Starfsmennt**  
FRÆÐSLU

**Áttu einingar**  
en ert ekki búinn/á að ljúka stúdentsprófi? – Raunfærnimat á móti Háskólabrú Keilis

Vorið 2018 eru Fræðslumiðstöð Starfsmennt og Keili hafa samþykkt raunfærnimat námskrár Háskólabrúar Keilis. Þetta er námskeið sem er hannað til að hjálpa stúdendum að ljúka stúdentsprófi Háskólabrúar Keilis.

Þú getur tekið þátt í námi, með sammi þýgga þátt tölum, starfsverki og þessu. Það er líkamlegt 20 einingar í raunfærnimati. Þetta er námskeið sem er hannað til að hjálpa stúdendum að ljúka stúdentsprófi Háskólabrúar Keilis.

Alþegar er áttu einingar námskrár Háskólabrúar Keilis. Þetta er námskeið sem er hannað til að hjálpa stúdendum að ljúka stúdentsprófi Háskólabrúar Keilis.

Hvað er Háskólabrú Keilis?  
Háskólabrú Keilis er háskóla sem er hannað til að hjálpa stúdendum að ljúka stúdentsprófi Háskólabrúar Keilis.

Hvaða einingar er mikilvægast að hafa lokið?  
Mikilvægast er að hafa lokið 8 einingum í raunfærnimati.

Hvað er raunfærnimat?  
Raunfærnimat er námskeið sem er hannað til að hjálpa stúdendum að ljúka stúdentsprófi Háskólabrúar Keilis.

Hvar fæ ég meiri upplýsingar?  
Upplýsingar um raunfærnimat er hægt að fá frá Starfsmennt. Þú getur sýnt mynd af raunfærnimati.

Starfsmennt / Skiptun 500 / 05 Reykjavík / Sími 452 0000 / smennt@smennt.is

### 3. Námsframboð og skráningar

Starfsmennt býður upp á margs konar nám og viðburði og er hluti þess opinn öllum en sumt einungis ætlað félagsmönnum aðildarfélaga fræðslusetursins eða tilteknum starfshópum. Árið 2018 jók Starfsmennt samstarf sitt við fræðsluaðila m.a. á landsbyggðinni, til að greiða götu aðildarfélaga að starfstengdu námi og til að auka fjölbreytni í námsframboði.

Árið 2018 voru námstilboð og viðburðir á vegum Starfsmenntar alls 299 eða fjórðungi fleiri en árið á undan þegar þau voru 240 og skráningum<sup>2</sup> í nám og á viðburði á vegum Starfsmenntar fjölgaði að sama skapi um 10% milli ára, úr 3.237 árið 2017 í 3.554 árið 2018 (sjá töflu 1).

**Tafla 1. Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar, framboð og skráningar 2014-2018**

	Framboð		Skráning	
	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári
Árið 2018	299	25%	3.554	10%
Árið 2017	240	19%	3.237	20%
Árið 2016	202	36%	2.692	34%
Árið 2015	149	-7%	2.011	-11%
Árið 2014	161	-14%	2.271	-10%

Í tölum yfir skráningu eru allir þeir sem sóttust eftir þátttöku í tilraunaverkefni um fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu. Umsækjendur voru alls 58, þrjátíu var boðin þátttaka en við upphaf námsins, haustið 2018, var fjöldinn orðinn 28 (sjá nánar um verkefnið í kafla 4). Þá vill oft verða að ekki náist full þátttaka á öll námskeið á vegum Starfsmenntar. Því þurfti að fella 23 þeirra niður árið 2018 og afboða 109 einstaklinga sem höfðu skráð sig. Heildarfjöldi þátttakenda í námi árið 2018 varð því 3.415 og heildarfjöldi haldinna námskeiða og viðburða var 276 (sjá töflu 2 og nánar í kaflanum *Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar*).

**Tafla 2. Framboð og raunfjöldi þátttakenda árið 2018**

	Framboð	Fjöldi þátttakenda
Haldin námskeið og viðburðir	276	3.415
Námskeið og viðburðir felld niður	23	109
Fagháskóli – utan tilraunahóps <sup>3</sup>	Á ekki við	30
<b>Alls</b>	<b>299</b>	<b>3.554</b>

Starfsmennt hefur að auki haldið utan um skráningar þátttakenda á námskeið fyrir starfsmenn og trúnaðarmenn stéttarfélaganna innan vébanda BSRB og ASÍ og á *Gott að vita* námskeið og fyrirlestra á vegum SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Árið 2018 var í heildina boðið upp á 21 námskeið innan forystufræðslu BSRB og ASÍ og skráðu 212 einstaklingar sig á þau. Fjöldi *Gott að vita* námskeiða

<sup>2</sup> Gerður er greinarmunur á *skráningum* og *þátttöku* að því leyti að skráningar ná yfir allt námsframboð hvort sem námskeið voru haldin eður ei, en þátttaka nær einungis yfir það nám (námskeið/námsleiðir/fyrirlestra/viðburði) sem haldin voru.

<sup>3</sup> Hér eru meðtalin þau sem sóttu um að vera með í tilraunahópi um fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu og var hafnað sem og þau sem fengu boð um að vera með en hættu við.

og fyrirlestra náði 77 og voru skráningar á þau alls 745. Heildarfjöldi skráninga á vef Starfsmenntar náði því 4.511 sem er um 2% aukning frá fyrra ári þegar heildarfjöldi skráninga var 4.409.

### Hlutfallsleg skipting skráninga eftir stéttarfélagsaðild

Nám á vegum Starfsmenntar er félagsmönnum aðildarféлага og samstarfssjóða að kostnaðarlausu en aðrir greiða námskeiðsgjöld. Af heildarfjölda skráninga í nám og á viðburði á vegum Starfsmenntar árið 2018 voru um 36% úr röðum félagsmanna SFR, sem er nokkru hærra en var árið á undan þegar hlutfallið var um 27%. Mikil aukning er í skráningum félagsmanna Kjarar og má rekja það að einhverju leyti til samstarfs Starfsmenntar og SÍMEY á Akureyri. Þá jókst einnig skráning félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkur þó svo hlutfall þeirra af heildarfjölda sé það sama milli ára og töluvert fleiri félagsmenn aðildarféлага BHM sóttu námskeið á vegum Starfsmenntar árið 2018 en árið á undan, sjá nánari skiptingu skráninga eftir stéttarfélögum í töflu 3.

**Tafla 3. Fjöldi og hlutfallsleg skipting skráninga e. stéttarfélögum árin 2017 og 2018<sup>4</sup>**

	Árið 2018		Árið 2017		Hlutfallsleg breyting milli ára
	Skráningar alls	Hlutfall af heildarskráningu	Skráningar alls	Hlutfall af heildarskráningu	
SFR	1.267	36%	870	27%	46%
FFR	278	8%	262	8%	6%
FSS	13	0%	13	0%	0%
Kjölur	131	4%	44	1%	198%
KSG <sup>5</sup>	374	11%	440	14%	-15%
Samflot	536	15%	471	15%	14%
St.Rv.	48	1%	29	1%	66%
BSRB	20	1%	44	1%	-55%
ASÍ	109	3%	268	8%	-59%
BHM	610	17%	341	11%	79%
Aðrir	168	5%	455	14%	-63%
<b>Alls</b>	<b>3.554</b>	<b>100%</b>	<b>3.237</b>	<b>100%</b>	<b>10%</b>

<sup>4</sup> Tölurnar ná einungis yfir nám, námsleiðir og viðburði á vegum Starfsmenntar, þ.e. ekki eru teknar með skráningar í forystufræðslu og á *Gott að vita* námskeiðin líkt og verið hefur í ársskýrslum fyrri ára.

<sup>5</sup> KSG stendur fyrir Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Garðabæjar og Starfsmannafélag Suðurnesja.



#### 4. Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar

Framboð starfstengds náms á vegum Starfsmenntar var fjölbreytt sem fyrr og snerti á margvíslegum mállefnum. Val á starfstengdu námsframboði byggði m.a. á greiningum á fræðsluþörfum starfsmanna nokkurra ríkisstofnana, sem fram fóru árin 2016 og 2017. Meðal þess sem greiningar á fræðsluþörfum opinberra starfsmanna sýndu var þörf á frekari færni í notkun upplýsingatækni, þjónustustjórnun og sjálfsstyrkingu bæði fyrir starfsmenn í framlínu og bakvinnslu. Starfsmennt jók því framboð sitt á sumum þessara sviða en einnig var lögð meiri áhersla á að vekja athygli á námskeiðum sem þegar eru í boði hjá fræðslusetrinu. Þetta leiddi til þess að ásókn jókst í nám í tölum og upplýsingatækni um 95% milli árana 2017 og 2018, en árið 2018 sóttu 447 þátttakendur nám til að auka færni sína á þessu sviði á móti 229 árið á undan. Þá varð einnig gríðarlega aukning þátttakenda á sjálfsstyrkingarnámskeiðum milli árana eða úr 29 þátttakendum árið 2017 í 213 þátttakendur árið 2018, sem telst vera aukning um 395% og skýrist sú aukning m.a. af því að námskeiðum af þessu tagi var fjölgað í námsframboði Starfsmenntar.

Starfsmennt á í samstarfi við ýmsa fræðsluaðila um kaup á sætum á námskeiðum hjá þeim fyrir aðildarfélaganna sína og var það samstarf aukið enn frekar árið 2018 með því að kaupa sæti á námskeiðum hjá fleiri fræðsluaðilum á höfuðborgarsvæðinu en verið hefur en einnig með auknu samstarfi við fræðsluaðila á landsbyggðinni sem þýddi að félagsmenn aðildarfélaganna gátu sótt tiltekin starfstengd námskeið hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskóla Norðurlands vestra og SÍMEY á Akureyri. Samstarf sem þetta gefur félagsmönnum aðildarfélaganna færi á að sækja sér fræðslu heima í héraði, sem sparar bæði tíma og ferðakostnað. Sem fyrr segir taldi framboð Starfsmenntar 299 námskeið, námsleiðir eða viðburði, en 23 námskeið þurfti að fella niður sökum ónógrar þátttöku.

Frekari tölur yfir námskeið og fjölda þátttakenda eftir innihaldi náms má finna í töflu 4.



**Tafla 4. Innihald námskeiða/viðburða og fjöldi þátttakenda og skráðra árið 2018**

	Námskeið/ viðb. haldin	Fjöldi þátttakenda	Námskeið felld niður	Fjöldi skráðra
Almennur bókari	1	13	–	–
Bókhald og fjármál	4	21	–	–
Endurmenntun atvinnubílstjóra	30	218	–	–
Fangavarðaskóli	1	20	–	–
Farandfyrirlestur	39	897	4	31
Félagsliði	5	56	–	–
Jafnlaunastaðall	32	504	8	27
Kennslufræði fullorðinna	5	79	–	–
Launaskólinn	1	11	–	–
Læknaritari	1	4	–	–
Opinber stjórnsýsla - kynning	1	22	–	–
Opinber stjórnsýsla – fagháskólanám <sup>6</sup>	1	28	–	–
Opinber stjórnsýsla - undirbúningsnámskeið	1	22	–	–
Raunfærnimat - kynning	2	26	–	–
Sjálfsstyrking	20	213	4	22
Skjala- og gæðastjórnun	8	116	1	2
Sóttþreinsitæknir	2	18	–	–
Stjórnun og heilbriggt vinnuumhverfi	15	127	1	2
Stuðningsfulltrúi	1	1	–	–
Tungumál fyrir atvinnulífið	3	15	2	10
Tölvur og upplýsingatækni	48	447	–	–
Verkefnastjórnun	10	85	1	1
Viðurkenndur bókari	4	11	–	–
Vísdomur	–	–	2	14
Þjónustustjórnun	25	316	–	–
Þróttur	16	145	–	–
<b>Alls</b>	<b>276</b>	<b>3.415</b>	<b>23</b>	<b>109</b>

**Námskeið um jafnlaunavottun, gæðastjórnun og skjölun**

Lög um jafnlaunavottun voru innleidd árið 2017 og lauk þar með tilraunaverkefninu sem Starfsmennt hafði átt aðild að. Stjórn taldi því tímabært að óska eftir því að námskeiðin flyttust til annars framkvæmdaaðila, sér í lagi í ljósi þess að þátttakendur á þeim voru að meirihluta utan aðildafélaga Starfsmenntar. Haustið 2018 tók Endurmenntun HÍ námskeiðin upp á sína arma, en Starfsmennt hélt áfram að bjóða félagsmönnum aðildarfélaga sinna sæti á námskeiðunum sér að kostnaðarlausu. Þátttakendur á jafnlaunastaðalsnámskeiðum voru 504 árið 2018 en árið á undan voru þeir 330. Þá varð

<sup>6</sup> Hér eru þau 30, sem talin eru með í töflu 2 sem *utan tilraunahóps*, ekki höfð með heldur einungis þau 28 sem hófu nám haustið 2018.

einnig aukning þátttakenda á námskeið um skjala- og gæðastjórnun, en slík námskeið eru oft tekin í tengslum við nám um innleiðingu jafnlaunastaðals. Árið 2018 sóttu 116 þátttakendur nám á þessu sviði á móti 82 árið 2017 og telst það vera aukning um 41%.

### **Fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu**

Fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu var í fyrsta sinn í boði haustið 2018 en þó einungis fyrir afmarkaðan hóp félagsmanna SFR, sem sótt höfðu sérstaklega um að taka þátt í tilraunaverkefninu. Verkefnið byggir á fylgiskjali II í kjarasamningi SFR og fjármála- og efnahagsráðherra frá 28. október 2015 og var námið þróað í samvinnu við Háskólann á Bifröst. Í því felst stuðningur við þátttakendur við að ljúka tveggja ára diplómanámi á grunnstigi háskóla og er námið tekið með vinnu. Tveir viðburðir voru haldnir til að undirbúa þátttakendur undir námið, þann 28. maí 2018 var haldið námskeið um námstækni, heimildaleit, hópavinnu og verkefnaskil og þann 17. ágúst 2018 fóru 22 af þátttakendum í dagsferð upp á Bifröst og fengu almenna kynningu á skólanum og fyrirkomulagi náms.

Hluti af verkefninu var einnig að þróa heildstæða námsleið sem lýkur með BA gráðu í opinberri stjórnsýslu með það að markmiði að slíkt nám yrði í boði við Háskólann á Bifröst frá og með hausti 2019.

### **Raunfærnimat - kynningarfundir**

Starfsmennt setti á laggirnar raunfærnimatsverkefni í samvinnu við Keili – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs og með styrk úr Fræðslusjóði. Markmið verkefnisins var að bjóða upp á raunfærnimat á móti kröfum námskrár háskólabrúar Keilis. Tveir kynningarfundir voru haldnir, sá fyrri var þann 21. febrúar 2018 og sóttu hann 7 manns og sá síðar var að hausti, þann 11. október og sóttu hann 14 þátttakendur (sjá meira um árangur raunfærnimatsins í kaflanum *Þróunarverkefni, samstarf og gæði*).

### **Fangavarðaskólinn**

Haustið 2018 var hrint úr vör námi skv. námskrá Fangavarðaskólans fyrir tiltekinn hóp starfsmanna Fangelsismálastofnunar sem ekki hafði gefist kostur á að ljúka þessu námi fyrr. Verkefnið var liður í úrvinnslu bókar með kjarasamningi SFR og ríkisins frá 2015. Samþykkt var að kaupa aðgang að rafrænu námsumhverfi og var fyrsta námskeiðið fyrir fangaverði sett þar upp í nóvember 2018. Tuttugu starfsmenn stunda námið samhliða vinnu og er áætlað að námslok verði vorið 2019 (sjá nánar í kaflanum *Þróunarverkefni, samstarf og gæði*).

### **Námskeið til að styðja við heilbriggt vinnuumhverfi**

Eitt af hlutverkum Starfsmenntar er að styðja stjórnendur við mótun vinnustaðamenningar og starfsumhverfis sem miðar að því að auka ánægju og hvatningu í starfi. Til að mæta þessu bauð Starfsmennt aðildarfélögum sínum að sækja ýmis námskeið m.a. um breytingastjórnun, starfsmannasamtöl, hlutverk hópstjóra, jafningjastjórnun og samskipti á vinnustöðum. Þá voru í boði tvö 12 klst. námskeið, annað í janúar og hitt í október, um sálfræðilega og félagslega áhættuþætti á vinnustað eins og streitu, kulnun, áreitni, samskiptavanda og viðbrögð við slíku. Árið 2018 sóttu 127 einstaklingar námskeið til að styðja við heilbriggt vinnuumhverfi sem er þó nokkru fleiri en árið á undan þegar 29 einstaklingar sóttu svipuð námskeið.

### **Námskeið fyrir kennara og leiðbeinendur**

Tvö námskeið voru haldin í húsnæði Starfsmenntar í september 2018, hið fyrra var þann 13. september og hið síðara þann 20. september. Kennurum og leiðbeinendum, sem kenna á námskeiðum á vegum Starfsmenntar, var boðið að sitja þessi 3 klst. námskeið, sér að kostnaðarlausu og nýttu 23 kennarar

sér það. Til viðbótar óskaði stofnun eftir því að fá til sín námskeið fyrir starfsþjálfara, sem snerti að mestu leyti á sambærilegu efni og farið er yfir á kennslufræðnámskeiðum. Tvisvar voru haldnar vinnustofur fyrir kennara á vegum Fangelsismálastofnunar þar sem farið var yfir atriði sem varða kennslufræði fullorðinna og hvernig best er að bera sig að við hönnun náms fyrir rafrænt umhverfi. Fyrri vinnustofan var í október og sú síðari í nóvember.

### Samstarf við stofnanir um nám

Starfsmennt vinnur með stofnunum ríkis og sveitarfélaga við þróun og uppsetningu náms fyrir starfsmenn þeirra og er oft um að ræða eftirfylgni ráðgjafaverkefna þar sem Starfsmennt hefur komið að greiningu fræðsluþarfa fyrir stofnanir. Slík námskeið eru félagsmönnum aðildarfélaganna og samstarfsaðila fræðslusetursins að kostnaðarlausu en greitt er fyrir þá starfsmenn sem ekki falla þar undir. Árið 2018 voru skipulögð námskeið fyrir ýmsar ríkisstofnanir og einnig fengu Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Skálatún og Seljudalur – þjónustuíbúðir aðstoð Starfsmenntar við að setja upp námskeið fyrir starfsmenn í umönnun fatlaðra. Í heildina voru skipulögð 102 námskeið fyrir stofnanir og sveitarfélög, 8 þeirra þurfti að fella niður vegna ónógrar þátttöku en alls sóttu tæplega 1.700 starfsmenn starfstengd námskeið sem sett voru upp með þessum hætti árið 2018, sjá nánar í töflu 5.

**Tafla 5. Samstarf við stofnanir um nám, fjöldi námskeiða og þátttakenda árið 2018**

Stofnun	Námskeið haldin	Námskeið felld niður	Fjöldi þátttakenda
Dómstólaráð	–	2	–
Fangelsismálastofnun	2	–	31
Fríhafnarskólinn	4	–	81
ISAVIA	6	2	114
Landspítali	10	–	170
Samgöngustofa	1	–	22
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	6	–	142
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	1	–	22
Sýslumaðurinn á Suðurlandi	1	–	21
Sýslumaðurinn á Vesturlandi	1	–	21
Tollstjóri	8	–	91
Tryggingastofnun	3	–	86
Útlendingastofnun	1	–	13
Vinnueftirlitið	4	–	57
Hafnarfjörður	8	2	198
Kópavogur	16	–	145
Seljudalur	1	1	12
Skálatún	1	–	15
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæði	19	1	444
<b>Alls</b>	<b>94</b>	<b>8</b>	<b>1.685</b>

Hér eru ótalin öll þau námskeið sem starfsmenn hafa sótt sem eru ekki skipulögð sérstaklega sem stofnananám í samstarfi við vinnuveitenda heldur meira leitast við að mæta þörfum einstakra starfsmanna eða starfshópa þvert á stofnanir. Má hér nefna ýmis fjarnámskeið í notkun upplýsingatækni, vefnám um þjónustustjórnun og námskeið á sviði verkefnastjórnunar og sjálfseflingar.

## 5. Ráðgjöf á sviði fræðslu og mannauðsefningar

Starfsmennt býður stofnunum *Ráðgjafa að láni* til að aðstoða við verkefni sem tengjast fræðslu og mannauðsefningu og hafa það markmið að vekja athygli á mikilvægi símenntunar og styðja við stefnumiðaða starfsþróun innan stofnana. Árið 2018 voru unnin nokkur verkefni á sviði fræðslugreininga og eins hafði Starfsmennt milligöngu um vinnu ráðgjafa til að efla starfsanda hjá stofnun.

Eftirfarandi verkefni voru unnin á sviði mannauðsráðgjafar árið 2018:

### **ISAVIA**

Tvö verkefni voru unnin með ISAVIA árið 2018, annars vegar vegna starfsmanna á skrifstofu aðgangsmála og farþegaaksturs og hins vegar vegna starfsmanna rekstrarstjórnstöðvar. Markmið verkefnanna voru að greina þörf fyrir fræðslu og leggja fram tillögur að leiðum til að mæta þeirri þörf. Afurðin var fræðsluáætlun með tillögum að leiðum til að mæta fræðsluþörf.

### **Landspítali, háskólasjúkrahús**

Markmið verkefnisins er að greina hæfnikröfur starfa í flutningsþjónustu, þörf starfsmanna fyrir fræðslu og leggja fram tillögur að leiðum til að mæta þeirri þörf.

### **Sýslumaðurinn á Suðurnesjum**

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum nýtti sér þjónustu *Ráðgjafa að láni* til að styðja við heilbriggt starfsumhverfi og styrkja starfsanda og vinnustaðamenningu.


### **Tryggingastofnun**

Markmið verkefnisins var að greina þörf fyrir fræðslu og leggja fram í námsvísi tillögur að leiðum til að mæta þeirri þörf. Verkefnið var liður í undirbúningi TR skólans, sem er virkt ferli starfsþróunar innan stofnunarinnar.

Einstaklingar geta einnig sótt ráðgjöf til Starfsmenntar sem hefur það markmið að hvetja starfsmenn til ábyrgðar á eigin starfsþróun og að benda á leiðir til náms bæði innan formlega skólakerfisins og þess óformlega t.d. á vettvangi Starfsmenntar. Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólki að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga hægara með að ákveða stefnu í námi og starfi. Þjónustan er að stærstum hluta fjármögnuð úr Fræðslusjóði sem byggir á ákvæðum laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Árið 2018 sóttu 75 einstaklingar þjónustu ráðgjafa hjá Starfsmennt og urðu viðtölin alls 166 þar sem sumir komu oftast en einu sinni. Þetta er mikil aukning viðtala frá árinu 2017 þegar þau voru 39 og má að mestu rekja ástæðuna til verkefnis um raunfærnimat á móti kröfum háskólabrúar Keilis, en stór hluti slíkra verkefna krefst viðveru ráðgjafa og fellur því undir þennan lið þjónustunnar. Nærri 90% þeirra sem nýttu sér þjónustuna þetta árið voru konur og meðalaldur þjónustuþega nam 46,3 árum. Félagsmenn aðildarfélaganna BSRB eru í miklum meirihluta þeirra sem sækja starfsþróunarráðgjöf hjá Starfsmennt, flestir eru úr röðum SFR félagsmanna, því næst félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Samflotsins. Skiptingu ráðgjafaviðtala eftir stéttarfélögum og bandalögum má sjá á myndinni hér að neðan.

Skipting ráðgjafaviðtala eftir stéttarfélögum og bandalögum 2018



## 6. Þróunarverkefni og ýmis konar samstarf

Starfsmennt tekur þátt í ýmis konar þróunarverkefnum á sviði menntamála og kynnir þjónustu sína hvenær sem færi gefst. Árið 2018 voru í heildina send út 29 veffréttabréf með umfjöllun um nám og þjónustu Starfsmenntar. Þá hefur Starfsmennt einnig sent út veffréttabréf á markhóp Forystu- og trúnaðarmannafræðslu stéttarféлага en skráning á þau námskeið fer fram á vef Starfsmenntar. Í heildina fóru 12 fréttabréf út þar sem vakin var athygli á námskeiðum fyrir þann markhóp. Starfsmennt nýtir líka Facebook samfélagsmiðilinn til að vekja athygli á málum sem varða starfsemi fræðslusetursins og í nóvember var settur á vef Starfsmenntar nýr efnisflokkur *Sitthvað forvitnilegt* og birtust þar þrjú pistlar í nóvember og desember um starfsánægju og vellíðan á vinnustað, stress og kulnun.

Námsvísir Starfsmenntar kom út um miðjan ágúst 2018 og var bæði birtur á heimasíðu fræðslusetursins sem og sendur út til félagsmanna aðildarféлага, stofnana og samstarfssjóða. Þá tóku starfsmenn og framkvæmdastjóri þátt í nokkrum viðburðum og héldu eftirfarandi kynningar á árinu 2018:

- Janúar, framkvæmdastjóri kynnti námskeið og aðra þjónustu Starfsmenntar á trúnaðarmannaráðsfundi SFR.
- Mars, Sólborg Alda Pétursdóttir, verkefnastjóri hjá Starfsmennt, hélt erindi um raunfærnimat á menntadegi BSRB.
- Maí, Starfsmennt sat fund Starfsþróunarnefndar sveitarféлага í maí þar sem rætt var um nám fyrir starfsmenn sveitarféлага, m.a. félagsliðanáms, nám fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa, nám leikskólaliða og launafulltrúa. Í kjölfarið, eða þann 6. júní, stóð Starfsmennt fyrir rýnifundi fulltrúa vinnuveitenda og starfsmanna um starf félagsliða þar sem farið var yfir hæfnikröfur námsins og hvort þær samsvöruðu raunkröfum starfs. Borgarholtsskóli tók svo niðurstöðurnar og nýtti til endurskoðunar á fyrirbyggjandi námi og þróunar á námslýsingu á 180 eininga námi á framhaldsskólastigi.
- Ágúst, framkvæmdastjóri tók þátt í málstofu NVL um grunnleikni fullorðinna og hélt stutt erindi um *You Dig IT* verkefnið og notkun smáforrita í nám og kennslu.
- Í september tók Starfsmennt á móti fjórum fulltrúum fræðslusetursins *Centras Dainava* sem staðsett er í borginni Druskininkai í Litháen. Segja má að Dainava sé nokkurs konar systurstofnun Starfsmenntar því þar fer fram þjálfun embættismanna og starfsmanna í stjórnsýslu sveitarféлага. Auk þess að kynna eigin starfsemi hafði Starfsmennt milligöngu um heimsóknir Litháenana til eftirtalinnna aðila hér á landi: Virk, starfsendurhæfing, Samband íslenskra sveitarféлага, SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu, Fræðslumiðstöð atvinnulífs og Starfsþróunarsetur háskólamanna. Samræðurnar gengu helst út á þjálfun fyrir embættismenn og opinbera starfsmenn, almenna þjálfun í opinberri stjórnsýslu og helstu áskoranir í þeim efnum og á Starfsmennt núna heimboð til Litháen.
- Í október var Starfsmenn með kynningarbás á þingi BSRB og framkvæmdastjóri hélt erindi um áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar og ábyrgð einstaklings á eigin símenntun á fundi málefnaþóps um vinnumarkað framtíðarinnar.





## Fram fyrir skjöldu – þróun náms og námstækifæra fyrir opinbera starfsmenn

Í fylgiskjali II með kjarasamningi FJR og SFR er fjallað um sameiginlegt verkefni aðila, sem á vinnslustigi hlaut nafnið *Fram fyrir skjöldu*. Markmið þess eru m.a. að styrkja íslenska stjórnarsýslu, efla þekkingu opinberra starfsmanna á viðurkenndum stjórnarsýsluháttum og tryggja aðgengi að framúrskarandi náms- og starfsþróunarleiðum fyrir opinbera starfsmenn.

Tvö verkefni voru unnin á árinu sem tengjast bókuninni, annars vegar fagháskólanám í opinberri stjórnarsýslu við Háskólann á Bifröst og hins vegar raunfærnimat á mótum kröfum háskólabrúar Keilis til að stytta námstíma að lokaprófi frá brúnni.

### **Fagháskólanám í opinberri stjórnarsýslu**

Alls bárust 58 umsóknir um þátttöku í tilraunaverkefni um fagháskólanám í opinberri stjórnarsýslu, 15 þeirra reyndust ófullnægjandi en 43 umsækjendur töldust fullnægja skilyrðum um þátttöku. Í heildina var 30 einstaklingum boðið að taka þátt í tilraunaverkefninu og þrjár umsóknir voru valdar til vara. Í ljós kom að fjórir af þessum 30 uppfylltu ekki inngangskröfur Bifrastar í námið og því var öllum varamönnum boðin þátttaka. Um miðjan ágúst tilkynnti einn þátttakenda úrsögn sína þannig að haustið 2018 hófu 28 manns námið við Bifröst. Í nóvember barst enn ein úrsögnin úr náminu svo í árslok 2018 voru því 27 einstaklingar skráðir í námið á vegum Starfsmenntar.

